

Lágsvæði – viðmiðunarreglur fyrir landhæð – Apríl 2018. Sigurður Sigurðarson, Vegagerðin.

Vegagerðin er umsagnaradili um aðalskipulag og deiliskipulag lágsvæða þar sem hætta er á sjávarflóðum. Settar voru fram tillögur að viðmiðunarreglum vegna þess á árunum 1992 til 1995. Þessar viðmiðunarreglur náðu ekki til alls landsins og að auki hafa spár um hækkandi sjávarstöðu tekið breytingum síðan þá.

Í skýrslunni eru teknar saman aðgengilegar upplýsingar um sjávarhæðir og innbyrðis afstöðu lands og sjávar og þær notaðar til að setja fram viðmiðunarreglur til ákvörðunar á lágmarkslandhæð á byggðum svæðum við ströndina. Bent er á að þessar reglur þurfi hins vegar að vera í stöðugri endurskoðun, þar sem nýjar upplýsingar, mælingar og úrvinnsla eru sífellt að koma fram.

Í skýrslunni er fjallað um mismunandi hæðarkerfi fyrir land- og sjávarhæðir. Þá er fjallað almennt um breytilegar sjávarhæðir og sjávarföll skilgreind hringinn í kringum landið, grundað á sjávarborðsmælingum og líkindafræðilegri úrvinnslu slíkra mælinga. Einnig eru teknar inn upplýsingar um áhrif jarðskorpuhreyfingar og hnattrænnar hlýnunar, meðal annars samkvæmt niðurstöðum Vísindanefndar um loftslagsbreytingar. Auk þess er í tillögunum tekið tillit til áhlaðanda vegna loftþrýstings, vinds og öldu, sem fer eftir aðstæðum á mismunandi stöðum.

Viðmiðunarreglurnar miðast við að landhæð sé jöfn eða hærri en ákveðin hámarkssjávarstaða þegar líftíma hverfis eða manvirkis er náð. Lagt er til að landhæð á lágsvæðum verði að lágmarki í sömu hæð og flóð með 100 ára endurkomutíma í lok 21. aldar og að lágmarks gólfhæð húsa sé 0,3 m hærri en lágmarks landhæð. Gefni eru dæmi um lágmarks land- og gólfhæðir, frá Reykjavík annars vegar og Húsavík hins vegar.